

# KIRKJUGARÐARÁÐ

16. fundur haldinn mánudaginn 9. febrúar 2004  
kl. 14:00 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Kristín H. Sigurðardóttir sem í forföllum Margrétar Hallgrímsdóttur ritaði fundargerð.

**Gestir:** Guðrún Jónsdóttir arkitekt og Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur Biskupsstofu.

## 1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn kl. 14:00.

## 2. Kynning á væntanlegu þjónustuhúsi á Pingeyrum

Guðrún Jónsdóttir arkitekt kynnti fyrirhuguð áform um að bæta aðstöðu við Pingeyrakirkju, svo unnt verði að sinna gestum betur. Kirkjan var hlaðin undir stjórn Sveins Runólfssonar 1864-1877 og er barn síns tíma. Það vantar alla aðstöðu fyrir gesti, prest og þá sem dytta að leiðum í kirkjugarðinum. Ætlunin er að byggja þjónustuhús norðan og neðan við kirkjuna, um 130 m<sup>2</sup> að stærð.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við framkvæmdina nemi 26 millj. kr. Í þjónustuhúsinu yrði jafnframt aðstaða fyrir staðarvörð sem liti eftir kirkjunni og kirkjugarði og sýndi ferðamönnum staðinn. Í húsinu er einnig gert ráð fyrir sýningu um sögu staðarins. Í fyrra hafði staðarvörður aðstöðu í gámi. Hugmyndin er að byggja tvo kubba úr timbri sem hefðu klæðingu með svipaðri steinaáferð og kirkjan. Aftan við og tengt við kubbana yrði meginhúsið úr timbri. Fengust 8 milljónir af fjárlögum 2004 til framkvæmdanna. Verið er að leita frekari leiða til að fjármagna verkið og var því óskað eftir að kynna verkefnið fyrir Kirkjugarðaráði. Gert er ráð fyrir að hefja bygginguna nú í sumar. Þó nokkur aukakostnaður starfar af því að leggja þarf vatn langt að í húsið og eins vegna rotþróar. Jöfnunarsjóður setti 800 þús. í framkvæmdina.

Kirkjugarðaráð tók jákvætt í erindið, en taldi sig eingöngu geta styrkt þá þætti sem snerta kirkjugarð og umönnun hans beint. Ráðið mæltist til þess að taka út hluta af geymslu og önnur rými, sem snerta beint kirkjugarðinn, og sækja um þann þátt til Kirkjugarðaráðs. Ráðið vill einnig fá nánari upplýsingar um rekstur hússins og fjárhagsáætlun vegna byggingar þess áður en ákvörðun verður tekin.

## 3. Jöfnunarsjóður varðandi byggingu þjónustuhúsa

Guðmundur Þór kynnti innlegg frá Kirkjuráði. Það er að færast í vöxt að minni sóknir séu að reisa þjónustuhús sem oftast eru 30-50 m<sup>2</sup>. Bæði kirkjugarður og kirkja geta nýtt sér húsin og því eðlilegt að Kirkjugarðaráð veiti einnig styrki til bygginganna. Í des. lágu 6 slíkar umsóknir fyrir í Kirkjuráði. Kirkjuráð telur eðlilegt að setja þau skilyrði fyrir styrkveitingum að einnig komi fjármagn frá Kirkjugarðaráði. Ráðið telur því mikilvægt að mynda samstarfsgrundvöll með

viðmiðunarreglum varðandi styrkveitingar og að komið verði á vinnuferli sem stuðst yrði við varðandi styrkumsóknir. Væri æskilegt að hafa bæði fjárhagsleg viðmið og hagnýt sjónarmið.

Jöfnunarsjóður gerir þá kröfu að ekki sé farið út í byggingu ef fjármagn er engan veginn tryggt. Sjóðurinn telur eðlilegt að ekki sé farið út í framkvæmdir nema einnig sé fyrir hendi vilyrði frá Kirkjugarðaráði, þannig að í raun verði þetta samstarfsverkefni. Rætt var um hvort ekki ætti að setja skilyrði um að búið sé að gera fjármögnunaráætlun áður en styrkir eru veittir.

Formaður nefndi að kirkjugarðurinn noti aðeins lítinn hluta húsanna og því sé ekki raunhæft að Jöfnunarsjóður setji þau skilyrði að Kirkjugarðasjóður leggi jafnt á móti. Sá sjóður sé auk þess 5 sinnum öflugri en Kirkjugarðasjóður. Þórsteinn taldi eðlilegra ef Kirkjugarðasjóður greiddi 1/3 á móti 2/3 Jöfnunarsjóðs. Nauðsynlegt sé að finna módel til að fara eftir, þar sem m.a. sé stuðst við menningarsögulegt mikilvægi kirkjunnar.

Framkvæmdastjóri taldi eðlilegt að fá Magnús Skúlason forstöðumann Húsafríðunarnefndar inn á næsta fund (8. mars) kl. 14: 00. til að ræða um reglur nefndarinnar um hvernig þjónustuhúsin eiga að vera. Einkum þau sem eru við friðaðar kirkjur. Smári lagði til að Guðmundur Þór og Guðmundur Rafn ynnu úthlutunarmódel til að samræma styrkveitingar sjóðanna. Ákveðið var að framkvæmdastjóri boðaði Magnús, Jóhannes og Guðmund Þór á næsta fund Kirkjugarðaráðs.

#### **4. KGSÍ – framtíðarhlutverk og rekstur sambandsins**

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ lagði fram erindi sem lýtur að því að Kirkjugarðaráð styrki KGSÍ og verkefni þess. KGSÍ hefur unnið að ýmsum verkefnum síðan það var stofnað 1995 af 20 kirkjugörðum og m.a. fengið hlutverk varðandi könnun á fjármálum kirkjugarða og unnið gjaldskrármódel fyrir kirkjugarða, haldið ráðstefnur og kynningarfundir, gefið út Bautastein og komið á verkefninu *garður.is* með upplýsingum um látna Íslendinga.

Hann nefndi að 10. febrúar yrði fundur í ráðuneytinu varðandi breytingu á gjaldskrá og að ráðherra hefði áhuga á að breytingin gengi í gegn fyrir vorið. Breytingin hefur í för með sér að 16 millj. kr. fara frá stórum og meðalstórum kirkjugörðum til minni kirkjugarða. Yrði það þá landsbyggðin sem nyti helst góðs af þessum breytingum. Fram til 2000 fjármagnaði KGSÍ sig sjálf. Stjórnarmenn tóku engin laun þar til á síðasta ári, að farið var að greiða fyrir fundarsetu. Þeir telja sig hafa þurrausið þá sjóði sem hingað til hafa styrkt þá, svo sem hjá Alþingi, SPRON, Kirkjugarða Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Jöfnunarsjóð sókna og Kristnihátíðarsjóð. Garður.is hefur tekið mikið fjármagn. Hönnun vefjar og söfnun og skráning í hann. Lokið er um 30-35% af verkefninu og er gert ráð fyrir að það taki næstu 8 árin að skrá inn upplýsingar um þá sem þegar eru látnir. Stjórn KGSÍ vill gera þjónustusamning við Kirkjugarðaráð til 4 ára, en þaðan hefur KGSÍ fengið 3,1 millj. kr. undanfarin ár.

Vill stjórn KGSÍ afhenda erindið nú til kynningar og ræða málið og taka það síðan aftur fyrir á næsta fundi. Kirkjugarðasambandið myndi taka að sér upplýsinga- og fræðslumál varðandi kirkjugarða, gæfi út Bautastein, hannaði heimasíðu fyrir Kirkjugarðasambandið og héldi áfram að færa inn upplýsingar í Garður.is. Lögð var áhersla á að verkefni KGSÍ væru hreinræktuð kirkjugarðamálefni og alltaf unnin

fyrir heildina, þ.e. á landsvísu. Til stendur að greiða próföstum og prestum fyrir að færa inn upplýsingar í Garður.is.

Formaður Kirkjugarðaráðs nefndi hvort eðlilegt væri að upplýsingamiðlun um kirkjugarðamálefni væri í tengslum við leikmannaskóla þjóðkirkjunnar (þ.e. námskeiðahald). Öll sú fræðsla er skipulögð á Biskupsstofu.

Valtýr taldi nauðsynlegt að fá nánari upplýsingar um umfang verksins og vita hverju lýkur á hvaða tímabili. Einnig að skilgreina þá hluta verksins sem eru átaksverkefni. Hver eru tímabundin verkefni og hver föst? Hver eru gæluverkefni og hver eru nauðsynleg? Hann óskaði eftir upplýsingum um það fyrir næsta fund. Það þurfi að koma skýrt fram hvað sé hefðbundinn rekstur sambandsins og eins hver sé rekstur heimasíðu. Næsti fundur er 12. janúar 2004.

## 5. Umsagnir vegna gerðar aðalskipulags

Framkvæmdastjóri kynnti og lagði fram dæmi um hvernig umsagnir vegna aðalskipulags væru unnar og erindum svarað. Dæmið var verkefni vegna vinnu við aðalskipulag Rangárbings eystra.

Kristín óskaði eftir að Kirkjugarðaráð og Fornleifavernd ríkisins (FVR) kæmu á einhvers konar verklagsreglum þannig að FVR vissi nákvæmlega um fyrirhugaða stækkun kirkjugarða eða framkvæmdir við kirkjugarða og hvaða landsvæði fyrirhuguð breyting næði yfir.

Valtýr benti á að rétt boðleið sé að þetta komi í gegnum sveitarfélag. Það hefur borið við að sveitarfélögin láti FVR ekki vita og þarf því að lagfæra það verklag. Meðan rétt verklag er að komast á óskar Kristín eftir að Guðmundur Rafn sendi FVR upplýsingarnar.

## 6. Næsti fundur

Ákveðið að halda hann 8. mars n.k.

## 7. Önnur mál:

- Smári spurði hvort einhver viðbrögð væru við kynningarbréfi til sóknarnefnda vegna lögboðinna verkefna. Framkvæmdastjóri sagði að stutt væri síðan bréfið var sent út, þannig að engin viðbrögð væru komin.
- Valtýr lagði fram þá tillögu að færa fundargerð á tölvu þar sem það væri löglegt ef réttur háttur væri hafður á. Yrði að hafa blaðsíðutal á útprintuðum blöðum og undirrita frumrit, en færa eingöngu fundardag og dagskrá með tilvísun í útprintaða fundargerð inn í bókina. Var tillaga hans samþykkt.
- Rætt var um að formaður hvetti þjóðminjavörð til að tilnefna forstöðumann Fornleifaverndar sem fulltrúa í ráðið í sinn stað þar sem það væri eðlilegra vegna starfssviða þeirra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari